

*Alþingi  
Erindi nr. P 133/290  
komudagur 24.11.2006*

133. löggjafarþing 2006-2007

~~Þingskj. 3~~ 3. mál. 330. mál

## UMSÖGN

### Frumvarp til laga

**um breytingu á lögum um almannatryggingar  
og lögum um málefni aldraðra.**

Landssamband eldri borgara hefur borist til umsagnar ofannefnt frumvarp. Frumvarpið er í samræmi við yfirlýsingu sem undirrituð var 19. júlí 2006 af fulltrúum ríkisstjórnar og LEB. Sú yfirlýsing byggðist á þeirri vinnu sem LEB tók þátt í ásamt fulltrúum stjórnvalda og voru afrakstur málamíðlana sem LEB var afar ósátt við. Í framhaldi af yfirlýsingunni var því lýst yfir að LEB mundi halda áfram að berjast fyrir bættum kjörum eldri borgara. Enda kom í ljós að félagsmenn LEB um land allt voru afar ósáttir með yfirlýsinguna og töldu hana ganga allt of skammt, bæði hvað tímasetningar og fjárupphæðir snertir.

Framkvæmdastjórnarfundur LEB samþykkti eftirfarandi tillögur á fundi 13. október 2006 og mun sækja fast eftir stuðningi stjórnámálanna við þær fyrir endanlega afgreiðslu þessa frumvarps.

### **Tillögur LEB í lífeyris- og kjaramálum eldri borgara.:**

1. Hafin verði nú þegar endurskoðun á lífeyrstryggingakafla almannatrygginga, einngrað frá heildarendurskoðun laganna. LEB leggur jafnframt áherslu á að vinna við löggjöfina í heild verði hafin sem fyrst þar sem sérstaklega verði endurskoðaðar reglur um endurgreiðslur bóta frá TR, vegna annarra tekna.
2. Ný tekjutrygging aldraðra verði 85 þús. kr. og öryrkja 86 þús. kr. frá 1. janúar 2007 að viðbættum vísitölubreytingum sem orðið hafa. Frá sama tíma verði dregið úr skerðingaráhrifum tekna þannig að í stað þess að skattskyldar tekjur yfir frítekjumarki skerði tekjutryggingu um 45% þeirra tekna sem umfram eru, verði hlutfallið 35%.
3. Frítekjur vegna atvinnutekna og lífeyrissjóðstekna lífeyrisþega verði 75 þús. kr. á mánuði frá 1. janúar 2007.
4. Í ljósi þess að skattleysismörk hafa lækkað að raungildi telur LEB nauðsynlegt að hækka skattleysismörk að raungildi og bendir jafnframt á fyrri kröfur LEB um skattfrelsi grunnlífeyris.
5. Skerðing á lífeyri almannatrygginga vegna tekna maka og vegna sambýlis verði afnumin frá 1. janúar 2007.
6. Hraðað verði úttekt á framfærslugrunni lífeyrisþega sem unnið er að í nefnd forsætisráðherra. Í framhaldi af þeirri vinnu verði tryggt með lögum að ellilífeyrir fylgi neysluvísitölu eða launavísitölu hækki hún meira þannig að lífeyrisþegum sé tryggð hlutdeild í auknum kaupmætti.

7. Ráðstöfunarfé við dvöl á stofnun hækki um 100% frá 1. júlí 2006 ásamt því að frítekjumark gagnvart tekjum þeirra sem dvelja á stofnunum verði hækkað úr 50 þús. kr. í 75 þús. kr. Frá 1. janúar 2008 verði stefnt að því að breyta greiðslufyrirkomulagi á daggjaldastofnunum fyrir aldraða svo að þeir haldi fjárforræði sínu eins og gilt hefur í tæpa þrjá áratugi fyrir fatlaða.
8. Þeir öryrkjar sem ná ellilífeyrisaldri haldi áfram aldurstengdum, óskertum örorkubótum.
9. Unnið verði markvisst að því að afnema tekjutengingar og koma í staðinn á þrepatengdu skattakerfi.

Reykjavík 24. 11. 2006.

---

Ólafur Ólafsson, form. LEB

---

Borgþór S. Kjærnested, framkv.stj.LEB